

Nr. 071 / 09 Bára Kristjáns RE 74**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6583
Smíðaður: Evje Noregi 1983 plast
Stærð: 5,3 brl. 4,2 bt.
Mesta lengd: 7,78 m Skráð lengd: 7,25 m
Breidd: 2,56 m Dýpt: 1,51 m
Vél: Ford 46 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 2



Bára Kristjáns ©Borgeir Baldursson

Gögn:
Dögn RNS

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. júlí 2009 var Bára Kristjáns RE 74 á siglingu út af Garðskagavita. Veður: NV 5-7 m/sek.

Þegar báturinn var staddur um sjö sml. ANA af skaganum stöðvaðist vélin og í ljós kom að vatnsskilja var mettuð af vatni og hafði lokað fyrir olíustreymið. Bátsverjar óskuðu eftir aðstoð og var björgunarskip sent til að draga bátinn til Sandgerði.

Við rannsókn kom fram:

- að vatn reyndist vera í olútanknum og það hafði gleymst að tappa undan honum þegar báturinn var tekinn í notkun um vorið. Á siglingunni blandaðist vatnið olíustreyminu til vélarinnar og stíflaði síuna. Ekki fór vatn inn á vélina.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur menn til að hafa olútanka alltaf hreina.